

Stærðfræði 1. bekkur 2022 - 2023

Kennarar: Anna Björg Erlingsdóttir; Kristín Lárusdóttir; Sigurborg Inga Jónsdóttir

1

Lýsing

Við leggjum áherslu á fjölbreytta kennsluhætti til að nemendur geti tjáð sig og tekið virkan þátt bæði munnlega og skriflega. Við leitumst við að tengja stærðfræðina við daglegt líf og reynsluheim nemenda. Nemendur vinna með áþreifanlega hluti og efla þannig stærðfræðilegan skilning sinn.

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Í stærðfræði leggjum við áherslu á fjölbreytta kennsluhætti til að nemendur geti tjáð sig og tekið virkan þátt bæði munnlega og skriflega. Við leitumst við að tengja stærðfræðina við daglegt líf og reynsluheim nemenda. Nemendur vinna með áþreifanlega hluti og efla þannig stærðfræðilegan skilning sinn.

Unnið er með fjölbreyttan nemendahóp út frá hæfni og leikni hvers einstaklings. Sérkennarar og þroskaþjálfar vinna með nemendur sem þurfa frekari dýpkun.

Kennsluaðferðir:

- Útlitunarkennsla: byggist á því að kennarar miðla þekkingu, útskýra, reifa eða ræða ólíkar leiðir, sjónarhorn eða lausnir sem vekja til umhugsunar
- Umræðu- og spurnaraðferðir: Byggist á því að kennarinn spyr spurninga og beitir öðrum aðferðum til að skapa umræður um tiltekin viðfangsefni.
- Stöðvavinna
- Hópvinnu, paravinnu og einstaklingvinnu
- Námsleikir og spil

Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur:

Numicon kubbar, talnabönd, talnalínur, einfestukubbar, sætisgildiskubbar,

kennslupeningar, teningar, gagnvirkir námsleikir og námsspil.

Námsáætlun

Tímabil	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
Ágúst/september	Flokkun, talning	
	Talnaskilningur nemenda efldur með því að telja, bera saman, aðgreina og flokka.	- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðarmerki.
Október	Form og mynstur, talnaskilningur	
	Tvívíð form í daglegu lífi, helstu eiginleikar og einkenni skoðuð. Nemendur læra að bera kennsl á, lýsa og búa til einföld mynstur.	- Kannað og búið til og tjáð sig um einföld mynstur.
Nóvember/desember/janúar	Eining, tugur	
	Lesið og skrifa tölur upp í 10. Bera saman tölur og fjölda í magni upp í 10. Þekkja talnaröð, raðtölur, tugavini og nágrannatölur.	- Talið, flokkað og skrá, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit. - Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
Febrúar	Tölur og reikningur, samlagning og frádráttur	
	Unnið með samlagningu og frádrátt með náttúrulegum tölum á hlutbundinn eða á óhlutbundinn hátt. Hugtökin plús, mínus og	- Getur reiknað einföld dæmi, nýtt talnalínur og teikningar. - Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar

	samasem.	með talið tölur og aðgerðarmerki.
	Tölurnar 0 – 20	- Getur reiknað einföld dæmi, nýtt talnalínur og teikningar.
Mars	Vinna með tugakerfið. Skipta tveggjastafa tölum í tugi og einingar. Talnarunur.	- Unnið með tölur upp í 20, raðað þeim og borið saman.
	Form og myndir	- Kannað og búið til og tjáð sig um einföld mynstur.
Apríl	Algeng þrívíð form í umhverfinu.	- Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti í umhverfi sínu.
	Mælingar	- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
	Lengdarmælingar við ýmsar aðstæður með mismunandi hjálpartækjum. Samanburður.	- Talið flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.
Mai/júní		- Unnið með tölur upp í 20, raðað þeim og borið saman.
		Eftirfarandi viðmið úr námskrá eru ávallt höfð í huga:
		- Tekið virkan þátt í samræðum og hlustað á aðra.
		- Jafnan tekið tillit til annarra og unnið mjög vel með öðrum.
		- Unnið mjög vel eftir fyrirmælum.

Grunnþættir menntunar

* Læsi

- Unnið er að því að nemendur séu talnalæsir og geti lesið úr töflum og tölum við ýmsar aðstæður.
- Áhersla skal lögð á að nemendur verði samskiptalæsir og geti unnið í hópum, komið skoðunum sínum á framfæri og hlustað á skoðanir annarra.

* Jafnrétti

- áhersla á að hver og einn nemandi fái að njóta sín miðað við eigin þroska, sérstöðu, þarfir, áhuga og styrkleika.

* Sköpun

- áhersla er að örva ímyndunarafl nemenda, með áherslu á sjálfstæða hugsun við launarleit.

Námsmat

Mat fer fram allan veturinn samofið námi og kennslu og niðurstöður færðar inn á hæfnikort nemenda í Mentor eftir vinnulotur.

Kennarar beita eftirfarandi námsmatsaðferðum til að meta vinnu nemenda.

Leiðsagnarnám: er fyrir nemendur jafnt og þétt allt námsárið með það að markmiði að nota niðurstöðurnar til að bæta námsárangur og kennslu. Leiðsagnarnám getur verið skriflegt eða munnlegt og kennarinn gefur leiðandi umsögn sem nýtist nemendum við áframhaldandi nám.

Frammistöðumat: kennarinn metur hvernig nemandinn vinnur ákeðið verkefni. Áherslan er á að meta ferlið en ekki eingöngu afurðina. Þá er horft til þess hvernig nemandanum gengur að leysa verkefnið af hendi.

Kannanir: Nemendur taka vorkönnun við lok fyrsta bekkjar.

Stöðugt alhliða námsmat Vinna nemenda er metin við raunverulegar aðstæður. Matið byggist á vinnu nemenda, þekkingu þeirra, skilningi og leikni. Það fer fram á lengri tíma.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Einkunnarorð skólans, virðing, ábyrgð og vellíðan eru höfð að leiðarljósi.

Samskipti Áhersla lögð á að nemendur öðlist hæfni til að geta unnið sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Mæting Að nem. temji sér stundvísi.

Virkni í tímum Að nem. leggi sig fram eftir bestu getu

Skil á verkefnum Skila heimavinnu á réttum tíma

Skyldur nemenda Að leggja sig fram um að vera virkir þátttakendur í skólastarfinu.

Að leggja sig fram um að eiga jákvæð samskipti við aðra.

Sel - stærðfræði 1. bekkur

- **Hæfni á námssviði**

Sel - stærðfræði 1. bekkur - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Getur reiknað einföld dæmi, nýtt talnalínur og teikningar.

Sel - stærðfræði 1. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákni, þar með talið tölur og aðgerðamerki.
- Notað hlutbundin gögn.

Sel - stærðfræði 1. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.

Sel - stærðfræði 1. bekkur - Tölur og reikningur

- Unnið með tölur upp í 20, raðað þeim og borið saman.

Sel - stærðfræði 1. bekkur - Algebra

- Kannað, búið til og tjáð sig um einföld mynstur.

Sel - stærðfræði 1. bekkur - Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti í umhverfi sínu.

Sel - stærðfræði 1. bekkur - Tölfræði og líkindi

- Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.

Sel - stærðfræði 1. bekkur - Tjáning og miðlun

- Tekið virkan þátt í samræðum og hlustað á aðra.

Sel - stærðfræði 1. bekkur - Sjálfstæði og samvinna

- Jafnan tekið tillit til annarra og unnið með öðrum í hóp.
- Unnið eftir fyrirmælum.

Sel - stærðfræði 1. bekkur - Ábyrgð og mat á eigin námi

- Lagt sig fram við námið og nýtt tímann vel.